

2. gr.

43

12. febr.

Upphaf 2. máls. 5. gr. laganna orðist svo:
Hvenær sem er á því tímabili hafa bæði o. s. frv.

3. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Nemanda er óheimilt að vera félagi í sveinafélagi og er sveinafélagum bannað að hafa nemendur sem féлага sína.

4. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgre., svo hljóðandi:
Aldrei má meistari hafa fleiri nemendur að vinnu en fullgilda iðnaðarmenn.

5. gr.

Við 20. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Sömu hegningu skulu stjórnendur sveinafélaga sæta, þegar brotið er gegn ákvæðum 7. gr., og fer eins um sektarféð.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jakob Möller.

L Ö G

44

12. febr.

um breyting á lögum nr. 94 23. júní 1936, um fræðslu barna.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við bráðabirgðaákvæði laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Meðan núverandi ófriður í Norðurálfu varir, skal kennslumálaráðherra heimilt, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, að sameina fámenn skólahverfi um einn og sama kennara, þar sem því verður við komið. Ennfremur er ráðherra heimilt að ákveða, að fjölga skuli kennslustundum í íslenzku, taka upp og auka vinnu- og íþróttakennslu, en minnka að sama skapi kennslu í öðrum bóklegum fræðigreinum.

Heimilt er ráðherra að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara mála í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.).

Hermann Jónasson.